



Alþingi
Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Breiðavaði, 8. nóvember 2018

Vegna: Tillaga til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins með sérstöku tilliti til bújarða. 20. mál

Samtök ungra bænda (SUB) harma það að hafa ekki verið beðin um að senda inn umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins með sérstöku tilliti til bújarða. Eins og fram kom í umsögn Fljótsdalshérðs á málinu í vor hvetja þeir að samtökin séu höfð í samráði við mótun stefnunar. <https://www.althingi.is/alttext/erindi/148/148-352.pdf>.

SUB fagna tillögu þess efnis að í mótun almennrar stefnu um eignir og réttindi í eigu ríkisins verði sérstaklega fjallað um bújarðir þar sem litið verði til ábúðar, náttúruverndar, ferðaþjónustu og möguleika fólks til að hefja búskap. Samtökin taka undir umsögn Byggðastofnunar sem nú þegar hefur birst. Einnig viljum við benda á, að með aukinni fólksfjölgun verði að huga að fæðuöruggi í þessari mótun.

Fyrir hönd SUB

Jón Elvar Gunnarsson
Varaformaður SUB